

ÖRYGGISSTEFNA RÍKISÚTVARPSINS.

Ríkisútvarpið er mikilvægur hlekkur í öryggikerfi landsins. Í samræmi við lög um Ríkisútvarpið og þjónustusamning þess og mennta- og menningarmálaráðherra hefur Ríkisútvarpið sett sér öryggisstefnu.

Öryggisstefna Ríkisútvarpsins miðar að því að tryggja landsmönnum áreiðanlegar upplýsingar, þegar alvarlegir atburðir verða í og við landið. Það á við um hamfarir af hvaða tagi sem er af völdum náttúrunnar eða önnur tilvik. Miðlun upplýsinga á slíkum tímum, eru hvort tveggja í senn almennar fréttir og ekki síður til þess að fólk í vá eða á hamfarasvæðum fái sem traustastar upplýsingar um stöðu mála.

Öryggisstefnan er tvíþætt og lýtur að innra og ytra öryggi.

YTRA ÖRYGGI.

- a. Til að tryggja ytra öryggi styðst Ríkisútvarpið við eigin búnað svo sem fjarskiptabúnað, dreifikerfi miðla Ríkisútvarpsins, þ.á.m. rekstur tveggja langbylgjusenda sem ná til allra landsmanna.
- b. Ríkisútvarpið kannar reglulega virkni búnaðar síns innan húss og utan, til að tryggja órofna útsendingu miðla Ríkisútvarpsins, útvarps, sjónvarps og á vefnum. Ríkisútvarpið nýtir jafnframt aðrar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri með sem skjótustum hætti.
- c. Fréttastofa Ríkisútvarpsins hefur tekið saman áætlanir um fyrstu viðbrögð við vá eða hamförum. Þær áætlanir lúta að öflun upplýsinga og hraða miðlun þeirra. Stuðst er við Öryggishandbók RÚV og aðrar áætlanir um framhald vinnu og miðlun nýrra upplýsinga í öllum miðlum Ríkisútvarpsins.
- d. Fréttastofan hefur aðstöðu í stjórnstöð Almannavarna í Skógarhlíð og manna hana í samræmi við samkomulag útvarpsstjóra og ríkislögreglustjóra frá 23.12. 2004. Samband milli Skógarlíðar og útvarpshúss er kannað reglulega.

INNRA ÖRYGGI.

- a. Í höfuðstöðvum RÚV við Efstaleiti er varaafsstöð sem tryggir órofinn aðgang að raforku fyrir alla starfsemi hússins. Virkni hennar er könnuð reglulega. Þá er neyðarsendingarbúnaður í húsinu sem á að tryggja tímabundna útsendingu útvarps.
- b. Við hönnun á kerfum og kaup á búnaði er haft í huga að hann sé sem öruggastur og í mörgum tilfellum tvöfaldur.
- c. Ríkisútvarpið tryggir öryggi starfsmanna sinna og gesta með því að Útvarpshúsið er læst fyrir öðrum en starfsmönnum.

Öryggisnefnd Ríkisútvarpsins ber ábyrgð á öryggisstefnu Ríkisútvarpsins sé fylgt.